

# Reglur ÍV sjóða hf. um viðskipti starfsmanna

## 1. Markmið og gildissvið

- 1.1. Setning þessara reglna, sem staðfestar eru af stjórn ÍV sjóða hf. (ÍVS) er liður í því að uppfylla ákvæði 6. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og 10. gr. reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja. Markmið reglnanna er að koma á og viðhalda viðunandi fyrirkomulagi á viðskiptum starfsmanna og stjórnarmanna með fjármálagerninga. Einnig miðar fyrirkomulagið að því að koma í veg fyrir að starfsmenn og stjórnarmenn veiti öðrum aðilum ráðleggingar eða aðstoð við viðskipti með fjármálagerninga ef slíkt er eða kann að virðast tortryggilegt í ljósi aðstæðna.
- 1.2. Reglur þessar gilda um eftirtalda aðila:
  - 1.2.1. Starfsmenn og stjórnarmenn félagsins,
  - 1.2.2. maka, maka í staðfestri samvist eða sambúðarmaka starfsmanna og stjórnarmanna,
  - 1.2.3. börn, kjörbörn eða stjúp börn starfsmanna og stjórnarmanna sem eru á þeirra framfæri,
  - 1.2.4. önnur skyldmenni starfsmanns eða stjórnarmanns fjármálafyrirtækis sem hafa búið á sama heimili og hann í a.m.k. eitt ár miðað við þann dag sem tiltekin viðskipti fara fram.
  - 1.2.5. Eignarhaldsfélög ofangreindra aðila og félög þar sem umræddir aðilar geta með beinum eða óbeinum hætti, í skjóli eignarhalds og/eða stjórnarsetu, tekið ákvörðun um viðskipti sem falla undir reglur þessar. Þegar talað er um starfsmenn eða stjórnarmenn í reglum þessum, gildir hið sama fyrir umrædd eignarhaldsfélög/félög nema annað sé sérstaklega tekið fram.
- 1.3. Aðilar samkvæmt lið 1.2.1 hér að ofan skulu undirrita, eða staðfesta með sannanlegum hætti, yfirlýsingu þar sem fram kemur að þeir hafi kynnt sér og eftir atvikum viðkomandi tengdum aðilum efni reglna þessara og skuldbindi sig til að lúta þeim.
- 1.4. Reglurnar taka til viðskipta með alla fjármálagerninga eins og þeir eru skilgreindir í lögum um verðbréfavíðskipti. Til fjármálagerninga teljast t.d. verðbréf, afleiður, hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum og peningamarkaðsskjöl.
- 1.5. Í reglunum er ekki að finna tæmandi umfjöllun um það efni sem þær taka á. Að öðru leyti gilda eftir því sem við eiga lög um verðbréfavíðskipti, reglugerðir þeim tengdar sem og viðeigandi reglur/tilmæli/túlkningar FME, eins og þær eru á hverjum tíma.

## 2. Starfsskyldur og reglur um viðskipti starfsmanna

### 2.1. Almenn

Starfsmönnum og stjórnarmönnum ÍVS ber ávallt að gæta fyllstu óhlutdrægni í störfum sínum og gæta að trúverðugleika félagsins og starfsmanna. Þá skal þess gætt að viðskipti stangist ekki á við gildandi ákvæði laga og reglugerða um meðferð innherjaupplýsinga, viðskipti innherja og markaðsmisnotkun á hverjum tíma.

### 2.2. Bannreglur við tiltekna aðstæður

Starfsmönnum og stjórnarmönnum ÍVS sem:

- koma að starfsemi sem gæti valdið hagsmunaárekstrum eða
- hafa aðgang að innherjaupplýsingum í skilningi laga um verðbréfavíðskipti eða
- hafa aðgang að öðrum trúnaðarupplýsingum sem tengjast víðskiptavinum eða víðskiptum við eða fyrir víðskiptavinum

#### **er óheimilt að**

- a. stofna til eigin víðskipta þar sem eitthvert af eftirfarandi viðmiðum á við:
  - hlutaðeigandi starfsmanni eða stjórnarmanni er óheimilt að stofna til víðskiptanna samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti, s.s. vegna reglna um innherjaviðskipti,
  - víðskiptin fela í sér misnotkun eða óviðeigandi birtingu fyrrgreindra trúnaðarupplýsinga
  - víðskiptin stangast á við eða eru líkleg til að stangast á við skyldur fjármálafyrirtækja samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti.
- b. gefa nokkrum öðrum aðila ráð eða aðstoða hann við að stofna til víðskipta með fjármálagerninga á annan hátt en í samræmi við eðlilegar starfsskyldur, ef víðskiptin falla undir a-lið hér að ofan, a- eða b-lið 2. mgr. 23. gr. eða 3. mgr. 47. gr. reglugerðar nr. 995/2007 ef um væri að ræða eigin víðskipti starfsmanna fjármálafyrirtækis,
- c. veita nokkrum öðrum aðila upplýsingar eða álit, nema það sé heimilt samkvæmt frekar 2. töl. 3. mgr. 123. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, aðrar en þær sem um er að ræða í venjubundnu starfi eða samkvæmt þjónustusamningi, ef hlutaðeigandi starfsmaður fjármálafyrirtækisins veit eða má vita að móttakandi muni, eða líklegt er að hann muni, grípa til eftirfarandi úrræða:
  - stofna til víðskipta með fjármálagerninga, sem myndu falla undir a-lið þessa ákvæðis, a- eða b-lið 2. mgr. 23. gr. eða 3. mgr. 47. gr. ef um væri að ræða eigin víðskipti starfsmanns fjármálafyrirtækis, eða
  - ráðleggja eða aðstoða annan aðila við að stofna til slíkra víðskipta.

### **2.3. Milliganga Íslenskra verðbréfa hf.**

Víðskipti starfsmanna, stjórnarmanna og maka þeirra skulu fara fram fyrir milligöngu Íslenskra verðbréfa hf. sem er móðurfélag ÍVS. Neðangreindar undanþágur gilda þó frá þeirri reglu:

- Starfi maki hjá aðila sem sett hefur sér sambærilegar reglur lögum samkvæmt, þarf hann ekki að eiga víðskipti fyrir milligöngu félagsins, enda eigi hann þá slík víðskipti fyrir milligöngu þess aðila sem hann starfar hjá. Regluverði skal tilkynnt sérstaklega um slíkar aðstæður. Láti maki af störfum hjá aðila sem hefur slíkar reglur, skal regluverði jafnframt tilkynnt um það.
- Þeir makar sem stunda atvinnurekstur eru ekki bundnir af milligöngu félagsins um þau víðskipti sem tengjast þeim atvinnurekstri.
- Starfsmönnum og stjórnarmönnum er heimilt að eiga víðskipti með erlend verðbréf án milligöngu félagsins en slík víðskipti eru þó tilkynningaskyld til regluvarðar.
- Starfsmönnum og stjórnarmönnum er heimilt að vera áskrifendur að verðbréfa- og fjárfestingasjóðum í sparnaðarskyni hjá öðrum aðilum en Íslenskum verðbréfum hf. og dótturfélögum.
- Regluverði er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði við sérstakar aðstæður, eflir atvikum í samráði við Innri endurskoðun.

#### **2.4. Tilkynning um fyrirhuguð viðskipti**

Áður en starfsmaður eða stjórnarmaður á viðskipti sem falla undir reglur þessar ber honum að tilkynna regluverði félagsins skriflega um fyrirhuguð viðskipti. Starfsmanni eða stjórnarmanni er óheimilt að eiga viðskipti fyrr en regluvörður hefur tekið afstöðu til þeirra. Ef viðskipti eiga sér ekki stað samdægurs skal starfsmaður eða stjórnarmaður ráðfæra sig við regluvörð á nýjan leik. Ef regluvörður heimilar viðskipti eftir lokun markaða gildir heimildin fram á næsta viðskiptadag. Við sérstakar aðstæður getur regluvörður ákveðið að heimild til viðskipta gildi lengur en að framan greinir, s.s. ef lítil viðskipti eru með viðeigandi verðbréf.

Þrátt fyrir að regluvörður taki afstöðu til viðskipta áður en þau eiga sér stað eru viðskipti starfsmanna og stjórnarmanna alfarið á þeirra ábyrgð.

Regluvörður hefur heimild til að banna viðskipti starfsmanna eða stjórnarmanna með ákveðna fjármálagerninga án skýringa eða tímamarkana á banninu.

Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar, þurfa starfsmenn og stjórnarmenn ekki að óska eftir fyrirfram samþykki regluvarðar fyrir viðskiptum ef um er að ræða viðskipti með hlutdeildarskírteini í verðbréfa- eða fjárfestingarsjóðum að því tilskyldu að hlutaðeigandi starfsmaður taki ekki þátt í stjórnun viðkomandi sjóðs. Sama gildir ef um er að ræða viðskipti með erlend verðbréf. Starfsmaður eða stjórnarmaður skal tilkynna regluverði um viðskiptin þegar að þeim loknum með þeim hætti sem regluvörður ákveður hverju sinni.

Starfsmenn, stjórnarmenn, makar, ófjárráða börn og eignarhaldsfélög/félög skv. grein 1.2. 5, sem hafa gert samning við félagið um virka stýringu, þurfa ekki að fá heimild regluvörslu fyrir einstökum viðskiptum þeirra fjármálagerninga sem eru í stýringu að því tilskyldu að engin samskipti hafi farið fram í tengslum við viðskiptin milli eignasafnstjórans og hlutaðeigandi starfsmanns. Sjóðstjóri eignastýringarsafns eða viðeigandi starfsmaður eða stjórnarmaður skal afla fyrirfram samþykkis regluvarðar fyrir viðskiptum ef framangreind undanþága á ekki við.

#### **2.5. Maki starfar hjá öðru fjármálafyrirtæki**

Starfsmenn og stjórnarmenn skulu tilkynna regluverði ef maki starfar hjá öðru fjármálafyrirtæki sem hefur verklagsreglur um verðbréfaviðskipti. Í slíkum tilvikum skulu verðbréfaviðskipti makans að jafnaði lúta reglum þess félags.

#### **2.6. Afgreiðsla viðskipta**

Starfsmönnum og stjórnarmönnum er óheimilt að annast sjálfir viðskipti sín. Þetta á bæði við um afgreiðslu í kerfum félagsins og í öðrum kerfum, svo sem í viðskiptakerfi Kauphallar Íslands (OMX). Viðskipti skulu fara fram með þeim hætti að starfsmaður eða stjórnarmaður, sem fengið hefur samþykki regluvarðar fyrir viðskiptum, sendir með sannanlegum hætti, s.s. með tölvupósti, beiðni um viðskipti sem og samþykki regluvarðar, til þess starfsmanns sem annast viðskipti með fjármálagerninga fyrir starfsmenn.

#### **2.7. Útboð á vegum Íslenskra verðbréfa hf.**

Starfsmönnum og stjórnarmönnum er óheimilt að taka þátt í útboðum á verðbréfum sem Íslensk verðbréf hf. gefur út eða útboðum sem Íslensk verðbréf hf. annast fyrir aðra útgefendur. Starfsmönnum og stjórnarmönnum er þó heimilt að eiga slík viðskipti við neðangreindar aðstæður:

a) Í almennu útboði þegar óskað er eftir tilboðum á föstu gengi en ekki er óskað eftir tilboðum um verð einstakra bréfa, gengi eða vaxtakjör og þeir ganga ekki fyrir sem fyrstir skrá sig. Við þessar aðstæður verða tilboð starfsmanna og stjórnarmanna að berast við upphaf fyrsta tilboðsdags og skal greina frá heimild starfsmanna til þátttöku í útboði í útboðslýsingu.

b) Starfsmönnum og stjórnarmönnum er heimilt að nýta forkaupsrétt sinn vegna eldri verðbréfaeignar, enda sé (i) verðbréfaeignin til komin áður en vinna félagsins við viðkomandi útboð hófst eða (ii) starfsmaður hefur eignast verðbréfin sem gjöf eða fyrir arf eða (iii) starfsmaður hefur fengið verðbréfin sem greiðslu við sölu fastafjármuna.

## **2.8. Óskráð verðbréf**

Viðskipti starfsmanna og stjórnarmanna með óskráð verðbréf, sem ekki eru liður í þátttöku í almennu útboði, eru óheimil. Neðangreindar undanþágur gilda frá þessari reglu:

a) Þessi takmörkun gildir ekki um maka starfsmanna eða stjórnarmanna sem stunda atvinnurekstur um þau viðskipti sem tengjast þeim atvinnurekstri.

b) Starfsmönnum og stjórnarmönnum er heimilt að stunda viðskipti með óskráða afleiðusamninga þar sem undirliggjandi bréf eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði. Starfsmenn og stjórnarmenn skulu senda regluvörslu yfirlit yfir slík viðskipti eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði.

c) Heimilt er að eiga viðskipti með hlutdeildarskírteini í verðbréfa- eða fjárfestingarsjóðum sem uppfylla skilyrði laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði að því tilskyldu að hlutaðeigandi einstaklingur taki ekki þátt í stjórnun viðkomandi sjóðs.

d) Heimilt er að framselja verðbréf sem starfsmenn eða stjórnarmenn hafa fengið sem gjöf eða arf eða sem greiðslu fyrir sölu fastafjármuna.

e) Heimilt er að framselja verðbréf sem starfsmenn eða stjórnarmenn hafa eignast áður en þeir hófu störf hjá ÍVS. Er þeim og heimilt að taka þátt í aukningu hlutafjár í réttu hlutfalli við fyrri eign sína hjá óskráðum félögum sem þeir áttu hlut í þegar þeir hófu störf hjá félaginu.

f) Starfsmönnum og stjórnarmönnum er heimilt að fjárfesta í hlutabréfum fyrirtækja sem engin virk viðskipti eru með og félögum sem hafa ekki fjárfestingar að markmiði, sbr. til dæmis félögum um góðgerðarstarfsemi, íþróttafélögum og félögum um atvinnurekstur fjölskyldumeðlima.

g) Regluverði er heimilt að veita frekari undanþágur frá þeirri meginreglu að viðskipti með óskráð verðbréf séu óheimil, eftir atvikum í samráði við Innri endurskoðun. Í slíkum tilvikum metur regluvörður m.a. hvort um hagsmunaaðrekstra geti verið að ræða.

Telji starfsmaður eða stjórnarmaður að undanþága samkvæmt liðum b)-g) eigi við um fyrirhuguð viðskipti, skal hann senda skriflega beiðni til regluvörslu þar sem hann fer þess á leit að eiga umrædd viðskipti. Óheimilt er að eiga slík viðskipti fyrr en regluvarsla hefur tekið afstöðu til þeirra. Þegar viðskipti hafa átt sér stað skal tilkynna regluverði þar um.

## **2.9. Lágmarks eignarhaldstími**

Lágmarks eignarhaldstími á verðbréfum sem starfsmaður hefur eignast í samræmi við ákvæði reglna þessara er 1 mánuður. Starfsmanni eða stjórnarmanni er þó heimilt að selja verðbréfin innan þessara tímamarka í eftirfarandi tilvikum:

- a) Til að verja sig tapi í viðskiptum með verðbréf, enda sé verð bréfanna orðið jafnt eða lægra en upphaflegt kaupverð.
- b) Starfsmanni og stjórnarmanni er heimilt að gera afleiðusamninga til skemmri tíma í þeim tilvikum að verið sé að verja eignir og/eða skuldir viðkomandi og fullnægt sé reglum um viðskipti með óskráð bréf
- c) Ef um er að ræða verðbréf sem keypt hafa verið á erlendum skipulegum verðbréfamarkaði og þau hafa virka verðmyndun. Með orðunum “virka verðmyndun” er átt við verðbréf sem mynda helstu vísitölur verðbréfa á erlendum markaði (t.d. S&P 500 eða FTSE 100). Ennfremur gildir ofangreindur lágmarkseignarhaldstími ekki um óskráða afleiðusamninga þar sem undirliggjandi verðmæti eru verðbréf eða gjaldmiðlar sem skráð eru á erlendum verðbréfamarkaði og hafa virka verðmyndun á mælikvarða þess markaðar, sbr. skilgreiningu hér að ofan.
- d) Ef um er að ræða hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum og fjárfestingasjóðum.
- e) Ef um er að ræða verðbréf sem starfsmaður eða stjórnarmaður hefur fengið sem greiðslu við sölu fasteigna.
- f) Ef um er að ræða verðbréf sem starfsmaður eða stjórnarmaður hefur eignast fyrir gjöf eða arf.
- g) Ef um er að ræða verðbréf sem starfsmaður eða stjórnarmaður hefur eignast áður en reglur þessar taka gildi gagnvart honum.
- h) Regluverði er heimilt að veita samþykki í öðrum tilvikum við óvæntar breytingar á aðstæðum starfsmanns eða stjórnarmanns eftir að bréfin voru keypt, til dæmis vegna veikinda, slyss, andláts eða hjónaskilnaðar.

## **2.10. Fjárfestingarfélög**

Starfsmönnum og stjórnarmönnum er ekki heimilt að taka þátt í fjárfestingarfélögum eða öðrum hliðstæðum félagsskap, sem hefur þann tilgang að þátttakendur standi sameiginlega að kaupum á verðbréfum.

## **2.11. Ráðgjafar og trúnaðarmenn**

Þeim starfsmönnum sem í störfum sínum eru faglegir ráðgjafar eða trúnaðarmenn útgefenda verðbréfa, eða starfa á sviðum sem annast slíka ráðgjöf, er óheimilt að eiga viðskipti með verðbréf viðkomandi útgefenda frá því að störfin hefjast og næstu þrjú mánuði eftir að störfum þeirra fyrir viðkomandi lýkur, nema þeirra vinnu ljúki fyrr með opinberri útgáfu á upplýsingum, s.s. útboðslýsingu. Slíkir ráðgjafar teljast innherjar skv. 121. gr. laga um verðbréfavíðskipti hafi þeir tímabundið eða að jafnaði aðgang að trúnaðarupplýsingum og lúta þeim reglum sem gilda um þá.

## **2.12. Tilkynningar um verðbréfaeign og varsla verðbréfa**

Starfsmenn og stjórnarmenn skulu greina regluverði frá allri verðbréfaeign sinni þegar þeir hefja störf hjá félaginu. Þá skal tilgreint hvort verðbréf eru í eigu starfsmanns eða stjórnarmanns, eignarhaldsfélags eða annarra fjárhagslega tengdra aðila.

Starfsmönnum og stjórnarmönnum er óheimilt að vera með verðbréf sín á vörslureikningum hjá öðrum fjármálafyrirtækjum en Íslenskum verðbréfum hf. Því ber nýjum starfsmönnum og stjórnarmönnum sem hafa verðbréf á vörslureikningum hjá öðrum fjármálafyrirtækjum að flytja vörslur þeirra til félagsins þegar þeir hefja störf.

Regluverði er heimilt í sérstökum tilvikum að veita einstökum starfsmönnum og stjórnarmönnum undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar og skal umsókn þess efnis vera skrifleg og rökstudd.

### **2.13. Tilkynningarskylda um alvarlega greiðsluferfiðleika**

Lendi starfsmaður eða stjórnarmaður í alvarlegum fjárhagserfiðleikum skal hann gera framkvæmdastjóra eða regluverði grein fyrir erfiðleikunum. Framkvæmdastjóri og regluvörður skulu þá þegar leggja mat á málið með tilliti til þess hvort það geti skaðað hagsmuni félagsins. Að því búnu skal starfsmanni eða stjórnarmanni kynnt niðurstaða matsins og hvort viðbragða sé þörf.

Með alvarlegum fjárhagserfiðleikum er átt við það þegar viðkomandi hefur ekki staðið í skilum með skuldbindingar sínar og kröfuhafar eru byrjaðir að leita aðstoðar réttarvörslukerfisins (t.d. með ósk um fjárnám, beiðni um nauðungarsölu o.þ.h.) til að fá fullnustu krafanna.

## **3. Viðskipti aðila sem eiga virkan eignarhlut**

3.1. Aðilar sem eiga virkan eignarhlut í félaginu skulu haga viðskiptum með þeim hætti að þau veki ekki tortryggni, eða séu til þess fallin að kasta rýrð á trúverðugleika og orðstír félagsins. Óskir þessara aðila um að félagið annist kaup eða sölu verðbréfa fyrir þeirra hönd skulu afgreiddar með sama hætti og óskir annarra viðskiptamanna og njóta ekki forgangs á nokkurn hátt. Með virkum eignarhlut er átt við 10% eignarhlut eða meira. Sömu reglur gilda eftir því sem við á um maka aðila sem eiga virkan eignarhlut í félaginu. Viðskipti aðila sem eiga virkan eignarhlut í félaginu og maka þeirra skulu lúta eftirliti stjórnar félagsins sem skal fá kerfisbundnar upplýsingar um þau.

## **4. Regluvörður og eftirlit með framkvæmd reglnanna**

### **4.1. Staða regluvarðar**

Íslensk verðbréf hf. fara með regluvörslu fyrir ÍVS samkvæmt útivistunarsamningi. Þess skal gætt að staða regluvarðar í skipuriti félagsins tryggi honum sjálfstæði og hlutleysi í störfum gagnvart þeim sviðum innan félagsins sem eftirlit hans lýtur að.

### **4.2. Verkefni regluvarðar**

Regluvörður skal m.a. sinna eftirfarandi verkefnum í tengslum við þessar reglur:

- a) Hafa eftirlit með því að ákvæðum þessara reglna sé fylgt.
- b) Halda skrár yfir öll viðskipti starfsmanna og stjórnarmanna og undanþágur sem hann hefur veitt.
- c) Hafa forgöngu um túlkun reglnanna og taka ákvarðanir í samræmi við efni þeirra.
- d) Annast kynningu á reglunum innan félagsins og annast endurmenntun starfsmanna.
- e) Taka við kvörtunum um meint brot á reglunum, beina þeim í réttan farveg og halda sérstaka skrá yfir slíkar kvartanir.

#### 4.3. Heimildir regluvarðar

Regluvörður skal hafa aðgang að öllum upplýsingum innan félagsins sem hann þarfnast til að geta sinnt eftirlitshlutverki sínu. Starfsmönnum og stjórnarmönnum er skylt að tilkynna regluverði ef þeir komast að því að reglur þessar hafi verið brotnar á einhvern hátt eða ef grunur liggur fyrir um slíkt.

Regluvörður hefur vald til að banna viðskipti starfsmanna og stjórnarmanna með ákveðin verðbréf án skýringa eða tímamarka á banninu. Honum er jafnframt heimilt að banna tímabundið viðskipti sem tengjast innri greiningu félagsins sem ekki er aðgengileg öðrum viðskiptamönnum.

Regluvörður hefur heimild til að láta bakfæra viðskipti starfsmanna og stjórnarmanna telji hann að viðskiptin hafi ekki samrýmst reglum þessum.

### 5. Viðurlög

- 5.1. Brot gegn reglum þessum geta varðað áminningu eða eftir atvikum uppsögn starfsmanns. Brot á reglum þessum geta verið þess eðlis að þau varði refsingu skv. lögum um verðbréfaviðskipti. Regluvörður skal halda skrá yfir meint brot. Sé um alvarleg og ítrekuð brot að ræða skal regluvörður tilkynna það til stjórnar og innri endurskoðanda.
- 5.2. Viðskipti sem brjóta í bága við reglur þessar skulu ganga til baka.

Samþykkt á stjórnarfundí 21. desember 2016

Kölbun Fridrik  
Andri Sigurðsson  
Ingvaldur M. J. Gíslason

